

ÁGRIP ALDARINNAR

Í Listasafni Íslands verður opnuð í dag sýning á úrvali íslenskra verka í eigu safnsins undir yfirskriftinni Íslensk myndlist á 20. öld. Sýningin er í öllum sölum safnsins.

Í SAL 2 eru verk málara Pórlákssonar (1867-1924) og Ásgríms Jónssonar (1876-1958). Þessir tveir málara höfu brautryðjendastarf sitt í byrjun þessarar aldar og lögðu grunn að íslenskri landslagslist. Eru flest verkin á sýningunni af íslensku landslagi.


Í sal 1 eru verk listamanna sem áttu þátt í að ryðja nýjum listviðhorfum braut í íslenskri myndlist. Þar getur að líta landslagsmyndir Jóns Stefánssonar (1881-1962), hraunmyndir og náttúrufantasíur Jóhannesar S. Kjarval (1885-1972), málverk Júlíönu Sveinsdóttur (1887-1966) frá Danmörku, Við Þvottalaugarnar eftir Kristínu Jónsdóttur (1888-1959), expressjónískar og kúbískar abstraktmyndir Finns Jónssonar (1892-1993) sem hann vann á námsárum sínum í Þýskalandi og höggmyndir Ásmundar Sveinssonar (1893-1982), Helreiðina og Ráðskonuna. Í miðrymi salarins er hið mikla málverk Gunnlaugs Schevings (1904-1972) Hákarlinn tekinn inn og við hlið þess Sumarnótt, tvö af öndvegisverkum þessa málara. Enn fremur eru sýnd verk málara sem ásamt Scheving áttu þátt í að ryðja móðernismanum braut hér á landi á 4. áratugnum.

Það eru þeir Snorri Arinbjarnar (1901-1958), Jóhann Briem (1907-1991), Jón Engilberts 1908-1972 og Þorvaldur Skúlason (1906-1984). Meðal annars eru sýnd málverkin Kvöld í sjávarþorpi eftir Engilberts og Komposition, Höfnin eftir Þorvald sem bæði voru á sonefnndri Gefjunarsýningu sem haldin var í háðungarskyni árið 1942.

Geómetrisk stefnan

Í sal 4 eru verk nokkurra helstu fulltrúa íslenskrar abstraktlistar sem var ríkjandi í íslenskri myndlist á 6. og fram á 7. áratuginn. Í miðrymi salarins gefur að líta verk eftir helstu fulltrúa hinnar geómetrisku stefnu í íslenskri myndlist sem var ríkjandi á 6. áratugnum. Þetta eru verk eftir Þorvald Skúlason, Hörð Ágústsson (f. 1922), Karl Kvaran (1924-1989), Hjörleif Sigurðsson (f. 1925) og Gerði Helgadóttur (1928-1975). Í hliðarrými eru verk helstu fulltrúa abstrakt-expressjónisma og ljóðrænnar abstraktlistar, en sameiginlegt með mörgum þeirra eru einhvers konar tengsl við náttúruna. Meðal verkanna eru málverk Svavars Guðnasonar (1909-1988), Íslandslag frá 1944 og Gullfjöll frá 1946, sem teljast til öndvegisverka í norrænum abstrakt-expressjónisma, abstrakt-expressjónísk málverk Kristjáns Davíðssonar (f. 1917) frá síðustu árum og málverk Nínu Tryggvadóttur (1913-1968), Gos, Saga, og Abstrakt. Af ljóðrænni toga eru verk Hjörleifs Sigurðssonar Regn, Landnám Jóhannesar Jóhannessonar (1921-1998) og Málverk Guðmundu Andrésdóttur (f. 1920). Í salnum er einnig járnskúlpúr Sigurjóns Ólafssonar (1908-1982), Andans beinagrind frá 1961 og Bárur frá 1977 eftir Guðmund Benediktsson (1920-2000).

Í sal 3 eru sýnd verk listamanna sem í lok 6. og byrjun 7. áratugarins komu fram með verk þar sem hugmyndum abstraktlistarinnar um myndlistina sem hreint form án skírskotana til ytri veruleika var hafnað. Þar getur að líta verk eftir Braga Ásgeirsson (f. 1931) og hin pólitísku verk Errós (f. 1932), American Interiors frá 1967-68 og National Museum, Washington frá 1979 þar sem figúratíf frásögn með skírskotunum til samtímaatburða birtist. Þar eru enn fremur verk helstu fulltrúa konseptlistar í íslenskri myndlist og þeirra sem tengdust SÚM-hópnum, meðal annars objekt Jóns Gunnars Árnasonar, verk Magnúsar Pálssonar, ljósmyndaverk Hreins Friðfinnssonar og Sigurðar Guðmundssonar, hugmyndaverk Magnúsar Tómassonar og mínimalísk verk Kristjáns Guðmundssonar.



Svavar Guðnason: Gullfjöll, 1946.



Jón Stefánsson: Sumarnótt, Lómar við Þjórsá, 1929.

Í sal 5 eru sýnd graffikverk eftir fjórar listakonur, Ragnheiði Jónsdóttur (f. 1933), Dröfn Friðfinnsdóttur (1946-2000), Magdalena Kjartansdóttur (f. 1944) og Valgerði Hauksdóttur (f. 1955).

Í tengslum við sýninguna verða daglega myndbandasýningar í sal 5 kl. 14. Þar má m.a. sjá nokkrar kvikmyndir um íslenska listamenn eins og Ásgrím Jónsson, Jón Stefánsson, Jón Gunnar Árnason, Þorvald Skúlason, Erró o.fl.

Eftirtaldir höfundar eiga verk á sýningunni:

Ásgerður Búadóttir, Ásgrímur Jónsson, Jón Stefánsson, Ásmundur Sveinsson, Júlíana Sveinsdóttir, Bragi Ásgeirsson, Karl Kvaran, Brynhildur Þorgeirsdóttir, Dröfn Friðfinnsdóttir, Kristín Jónsdóttir, Erró, Kristján Davíðsson, Finnur Jónsson, Kristján Guðmundsson, Georg Guðni Hauksson, Eiríkur Smith, Gerður Helgadóttir, Magdalena Kjartansdóttir, Guðmunda Andrésdóttir, Magnús Pálsson, Guðmundur Benediktsson, Magnús Tómasson, Gunnlaugur Scheving, Nína Tryggvadóttir,

ir, Helgi Þorgils Friðjónsson, Hjörleifur Sigurðsson, Ragnheiður Jónsdóttir, Hreinn Friðfinnsson, Sigurður Guðmundsson, Hörður Ágústsson, Sigurjón Ólafsson, Jóhann Briem, Snorri Arinbjarnar, Jóhannes Jóhannesson, Nína Sæmundsson, Svavar Guðnason, Jóhannes S. Kjarval, Valgerður Hauksdóttir, Jón Engilberts, Þorvaldur Skúlason, Jón Gunnar Árnason, Pórlásson, B. Pórlásson, Valtýr Pétursson, Sigrid Valtingoy og Hafdís Ólafsdóttir.